

121. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 30. október 2023 kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Viðstaddir eru: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir sem ritaði fundargerð. Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar var fjarverandi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2024

Umræða um rekstur safnsins og þær breytur sem verða á fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 hvað varðar tekjur og gjöld. Hækkun verður á framlögum og vinnulaunum um 8 %. Heildar hækkun á framlagi Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps verður tæpar 700þús sem deilist á milli sveitarfélaganna eftir fjölda íbúa. Verið er að vinna að fjárhagsáætlun og beðið eftir að breytingar safnsins verði lesnar inn í kerfið. Áætlun verður mögulega að fjarsamþykja að svo stöddu.

Hvað varðar tekjuhlutann þá er hækkun á gjaldskrá og fyrirhugaðar eru breytingar á safnbúð og endursöluvörum. Aðgangseyrir verður 1600kr og 1200kr fyrir eldri borgara, áfram verður frítt fyrir börn.

Í öðrum rekstri eru engar stórkostlegar breytingar nema tillaga er um að bæta við ½ stöðugildi yfir sumarið sem nýttast mun bæði safninu og upplýsingamiðstöðinni.

Umræddar áætlanir verða sendar áfram til umræðu meðal stjórnarmanna um leið og þær liggja fyrir.

2. Önnur mál

Farið yfir stöðuna eftir sumarið og sagt frá því sem er framundan, jólasýning og breytingar á sýningu safnsins.